



Akureyrarbær

VERKLAGS- OG ÚTHLUTUNARREGLUR

Viðburða- og vöruþróunarsjóður 2020

1. gr.

Helstu markmið sjóðsins eru:

- Að efla viðburðahald og vöruþróun á Akureyri í ferðaþjónustu, menningarlífi sem og í íþrótt- og útivistargeira á árinu 2020.
- Að veða á móti neikvæðum afleiðingum COVID-19 heimsfaraldursins með því að styðja við skapandi einstaklinga, hópa, fyrirtæki og stofnanir til að þróa fjölbreytt tilboð sem henta gestum og heimamönnum og ýta þannig undir Akureyri sem áhugaverðan áfangastað.

2. gr.

Í úthlutunarnefnd sitja fulltrúi úr stjórn Akureyrarstofu, deildarstjóri Akureyrarstofu og verkefnastjóri menningarmála á Akureyrarstofu. Nefndin skilar tillögu til stjórnar Akureyrarstofu sem tekur endanlega ákvörðun um úthlutun.

3. gr.

Auglýsa skal eftir styrkumsóknum í maí 2020 og er miðað við að úthlutun verið lokið eigi síðar en í fyrri hluta júní.

4. gr.

Umsækjendur geta verið einstaklingar, félag, fyrirtæki og stofnanir. Umsækjendur skulu hafa lögheimili á Akureyri, Hrísey eða Grímsey eða hafa verulegan hluta starfsemi sinnar í sveitarfélaginu.

5. gr.

Mögulegt er að sækja um vegna nýrra viðburða og tilboða en jafnframt er heimilt að sækja um vegna verkefna sem þegar eru í bígerð og þá til stækkunar þeirra eða breytinga vegna aðstæðna sem skapast hafa vegna COVID-19 faraldursins. Ferðaþjónustuaðilar geta sótt um vegna þróunar á nýrri þjónustu, eða aðlögunar á tilboðum sem þeir bjóða nú þegar.

6. gr.

Styrkur til verkefnis skal ganga til kostnaðar sem hlýst af framkvæmd þess. Tekið skal fram að ekki eru veittir styrkir til hefðbundins stofn- og rekstrarkostnaðar stofnana eða samtaka. Jafnframt eru ekki veittir styrkir til tækjakaupa, útgáfu né stakra ferðastyrkja. Þá eru ekki veittir styrkir vegna verkefna sem hafa farið fram áður en umsóknarfrestur rennur út.

7. gr.

Greiðslur styrkja fara almennt þannig fram að helmingur er greiddur þegar fullljóst er að af verkefni getur orðið og seinni helmingur eftir að það hefur farið fram. Þegar um er að ræða verkefni sem teygja sig yfir lengri tíma og endurtaka sig er mögulegt að semja um annað fyrirkomulag þó þannig að lokagreiðsla fer ekki fram fyrr en verkefni lýkur. Sjóðurinn skal ekki hafa tekjur af neinu þeirra verkefna sem hljóta styrk og ber ekki fjárhagslega ábyrgð á verkefnum sem styrk hljóta.

8. gr.

Styrkþegi skal skila inn stuttri rafrænni greinargerð um framkvæmd verkefnisins þegar því er lokið.

9. gr.

Mælt er með eftirtöldum mælikvörðum við mat á forgangsriðun umsókna:

- Hversu vel viðburðurinn höfðar til ferðamanna.
- Aðgengileiki og framboð. Kostur er að viðburðurinn endurtaki sig með reglubundnum hætti yfir lengri tíma þannig að margir geti notið hans en ekki sé endilega stefnt saman stórum hópum hverju sinni.
- Kostur er að viðburðurinn höfði til fjölskyldna með einhverjum hætti án þess að það sé skilyrði.
- Möguleikar gesta til þátttöku í viðburðinum, t.d. námskeið fyrir börn eða fjölskyldur jafnt innandyra sem utan.
- Fagleg hæfni framkvæmdaraðila þar sem það á við.
- Gæði, vinnsla og framsetning umsóknar.

10. gr.

Umsækjendur sækja um með rafrænum hætti í gegnum þjónustugátt á akureyri.is og er umsóknarfresturinn 2. vikur. Í umsókninni skal meðal annars koma fram greinargóð lýsing á verkefninu, tímaáætlun, kostnaðaráætlun og stutt lýsing á því hvernig það nýtist sem tilboð til heimamanna og gesta.

11. gr.

Hámarksstyrkur til hvers verkefnis verður kr. 1.000.000 og lámarksstyrkur kr. 100.000.

12. gr.

Nafn og/eða ímyndarmerki Akureyrarbæjar skal vera getið í öllu kynningarefni verkefnisins. Styrkþegi ber ábyrgð á að senda Akureyrarstofu upplýsingar um stað, stund og lýsingu viðburða þannig að hægt sé að koma þeim á framfæri í kynningarefni. Einnig er ráðlagt að nota myllumerkið #akureyri á samfélagsmiðlum.

13. gr.

Úthlutunarnefnd áskilur sér rétt til að afturkalla styrkveitingu ef hún metur það sem svo að tvísýnt sé um framvindu verkefnisins, eða að ljóst þyki að ekki verði af viðburðinum.

14. gr.

Úthlutunarnefndin veitir ekki rökstuðning fyrir afgreiðslu umsókna.

Samþykkt í stjórn Akureyrarstofu 14. maí 2020.